

Ed.

231. Frumvarp

til laga um einkaleyfi til að þurka kjöt með vjelaafli á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að veita Þorkeli P. Clementz, vjel-
fræðingi í Reykjavík, einkarjett um 15 ár til þess að vjelþurka á Íslandi kjöt,
sem ætlað er til útflutnings, þó með því skilyrði, sem áskilið er í 5. gr.

2. gr.

Geti leyfishafi ekki innan 3 ára sýnt, að tilraunir allar og undirbún-
ingur sjeu svo langt komið, að fyrirtækið geti tekið til starfa á því ári, fellur
einkaleyfið úr gildi.

3. gr.

Af hverri smálest af þurkuðu kjöti, sem út er flutt, skal greiða allt að 10 kr. í landssjóð, þó ekki af fyrsta árs framleiðslu.

4. gr.

Eigi má leggja annað eða meira gjald á þá vöru, er leyfishafi framleiðir, en um getur í 3. grein.

5. gr.

Þegar 5 ár eru liðin eða meira frá því, er einkaleyfishafi tók að flytja út þurkað kjöt, hefir landsstjórnin rjett til að taka einkaleyfið í sínar hendur og kaupa vjelar, hús og áhöld, fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.